GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórnum heimilt, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 6 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 300
2. flokkur	kr. 2 600
3. flokkur	kr. 3 250
4. flokkur	kr. 3 900
5. flokkur	kr. 4 050
6. flokkur	kr. 5 200

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar smávægilegar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 7 800
2. flokkur	kr. 15 600
3. flokkur	kr. 22 100
4. flokkur	kr. 29 900
5. flokkur	kr. 40 300
6. flokkur	kr. 50 700

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar semji fyrir hönd heilbrigðisnefnda lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðum sínum. Listinn skal afhentur skrifstofum þeirra sveitarfélaga, sem fara með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Þær sjái um álagningu og innheimtu gjaldanna í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu. Gjöld samkv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum og samþykkt af hlutaðeigandi sveitarfélögum, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 66/1986 með sama heiti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

18. júlí 1988 Nr. 369

SAMÞYKKT

um hundahald í Breiðdalsvík, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hundahald er bannað á Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa á Breiðdalsvík undanþágu frá 1. gr. með eftirfarandi skilyrðum.

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og óheimilt er að framselja það.
b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda eða stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn, ef um leiguhúsnæði er að ræða skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eiganda íbúðarinnar.
c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til sveitarsjóðs skv. sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur árlega og heilbrigðisráðuneytið staðfestir. Skal gjaldið greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
d) Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur sveitarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda á mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
e) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
f) Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
g) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, matsölur og aðra veitingastaði, skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili og dag-